

## Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)

Útgáfa 3. 18.febrúar 2022

### Fyrri útgáfur:

#### Útgáfa 1.

*Freydís J. Freysteinsdóttir félagsráðgjafi og starfsmaður Barnaverndarstofu vann að tilraunaverkefni um gerð SOF kerfis á tímabilinu 1. janúar til 31. desember 2004 og voru fulltrúar Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar, Reykjanesbæjar og Reykjavíkur þátttakendur í faglegum bakhóp verkefnisins. Árið 2005 var SOF kerfið tekið í notkun.*

#### Útgáfa 2.

*Árið 2012 voru gerðar nokkrar breytingar m.a. var flokkurinn „Áhættuhegðun – barn beitt ofbeldi“ víkkaður og innihélt þá einnig tilfinningalegt ofbeldi. Þetta var byggt á rannsókn Kristnýjar Steingrímsdóttur (2012). Einnig voru gerðar breytingar á flokknum „Heilsa og líf ófædds barns er í hættu“.*

Í þessari útgáfu hefur farið fram heildarendurskoðun á SOF kerfinu. M.a. var óskað eftir tillögum og álitum barnaverndarstarfsmanna um land allt og haldnar voru vinnustofur í nóvember 2021 á netinu þar sem öllum barnaverndarstarfsmönnum ásamt Freydísi J. Freysteinsdóttur var boðið að taka þátt í umræðum um endurskoðun SOF kerfisins.

Gerðar voru nokkrar breytingar á flokkun mála, tekin inn ný dæmi en önnur felld út í takt við þær umræður sem áttu sér stað í vinnu með barnaverndarstarfsmönnum. Orðalag var sömuleiðis endurskoðað og uppfært með hliðsjón af breyttum samfélagsaðstæðum og tíðaranda.

Í flokknum „Barn beitt líkamlegu ofbeldi“ er nú með skýrari hætti gerður greinarmunur á því hvort barn sé beitt ofbeldi af hálfu umönnunaraðila eða annarra aðila og það sama á við um flokkinn „Barn beitt kynferðislegu ofbeldi“. Sá flokkur var tekinn til endurskoðunar og er nú skilgreining Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar (WHO) notuð ásamt gagngerri endurskoðun á dæmum sem eiga að vera eins lýsandi og hægt er og án afstöðu til alvarleika eða upplifunar. Þar var leitað til sérfræðinga Barnahúss og er þeim þökkun aðstoðin. Flokkurinn „Heilsa og líf ófædds barns er í hættu“ var einnig endurskoðaður og þá sérstaklega þau önnur tilvik sem geta heyrt undir 16. gr. barnaverndarlaga þegar um ófædd börn er að ræða. Að lokum var flokkurinn „Áhættuhegðun barns“ tekinn til endurskoðunar og eru allir undirflokkar með breyttu orðalagi sem á að vera skýrara og betur lýsandi fyrir hvern flokk fyrir sig. Annars er aðallega um að ræða breytingar á orðalagi og uppsetningu.

Þegar fjallað er um börn í SOF kerfinu er miðað við skilgreiningu skv. 1. mgr. 3. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002. Þar sem fjallað er um ungmenni sérstaklega er einkum átt við börn eldri en 12 ára. Í þessari útgáfu er notast við „foreldri eða umönnunaraðili“ á flestum stöðum þar sem áður var eingöngu notast við „foreldri“ og er verið með því að leggja áherslu á að sá sem er með forsjá eða umsjá barns er í því hlutverki að vernda barnið.

Í þessari útgáfu eru notaðar eftirfarandi skilgreiningar á helstu flokkum barnaverndarmála:

### **VANRÆKSLA GAGNVART BARNI**

Vanræksla gagnvart barni er skilgreind sem ítrekaður skortur á nauðsynlegri athöfn, sem leiðir til skaða eða er líklegur til að leiða til skaða á þroska barns.

## **BARN BEITT OFBELDI**

Ofbeldi gagnvart barni er skilgreint sem athöfn af hálfu foreldris, umönnunaraðila eða annars aðila, sem leiðir til eða er líklegt til að leiða til skaða á þroska barns.

## **HEILSA EÐA LÍF ÓFÆDDS BARNIS Í HÆTTU**

Ófætt barn í hættu vegna athæfis verðandi foreldris eða einhvers í nærumhverfi foreldris.

## **ÁHÆTTUHEGÐUN BARNIS**

Áhættuhegðun barns er skilgreind sem hegðun sem brýtur gegn þeim viðmiðum og reglum sem gilda í umhverfi barnsins og er líklegt til að valda barninu sjálfu eða öðrum skaða.

## **FLOKKAR SOF KERFISINS**

SOF kerfið skiptist nú í fjóra flokka sem hver um sig skiptist í undirflokka þar sem fjallað er um mismunandi tegundir vanrækslu og ofbeldis gagnvart börnum og mismunandi tegundir áhættuhegðunar barna.

Flokkar og undirflokkar eru eftirfarandi:

### [Vanræksla gagnvart barni](#)

#### **Líkamleg vanræksla gagnvart barni**

- Fæði ábótavant
- Klæðnaði ábótavant
- Hreinlæti ábótavant
- Húsnæði ábótavant
- Heilbrigðisþjónustu ábótavant

#### **Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit barns**

- Eftirliti umönnunaraðila með barni er ábótavant
- Barn er skilið eftir eitt án þess að hafa aldur og þroska til þess
- Barn er skilið eftir hjá hæfum aðila en óeðlilega lengi
- Barn er skilið eftir hjá óhæfum aðila
- Barn er skilið eftir hjá óhæfum aðila sem beitir börn ofbeldi
- Foreldri lýsir yfir vilja til að yfirgefa barn eða yfirgefur barn til frambúðar
- Barn verður umsjónarlaust vegna fráfalls eða fjarveru forsjáraðila
- Barni er hætta búin vegna annarlegs ástands umönnunaraðila
- Barni leyft eða það hvatt til að taka þátt í ólöglegu eða ósiðlegu athæfi

#### **Vanræksla varðandi nám barns**

- Mætingu barns í skóla er ábótavant án inngríps forsjáraðila
- Barn er ekki skráð í skóla eða missir mikið úr skóla vegna ólögmetra ástæðna
- Ábendingum skóla um sérfræðiaðstoð fyrir barnið er ekki sinnt
- Barn skortir ítrekað skólagögn

## **Tilfinningaleg vanræksla gagnvart barni**

- Tilfinningalegar þarfir barns vanræktar
- Hugrænn þroski barns vanræktur
- Félagslegar þarfir barns vanræktar
- Barni eru ekki sett viðeigandi mörk

## **Barn beitt ofbeldi**

### **Barn beitt tilfinningalegu ofbeldi**

- Barni sýnt viðvarandi neikvætt viðhorf og neikvæðar tilfinningar
- Gerðar óraunhæfar kröfur til barns miðað við aldur þess og þroska
- Barn verður vitni að ofbeldi innan fjölskyldu

### **Barn beitt líkamlegu ofbeldi**

- Barn beitt ofbeldi af hálfu umönnunaraðila
- Barn beitt ofbeldi af hálfu annarra, t.d. annarra barna

### **Barn beitt kynferðislegu ofbeldi**

- Barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu foreldra eða umönnunaraðila
- Barn beitt kynferðislegu ofbeldi af hálfu annarra, t.d. annarra barna eða aðila ótengdum barninu

## **Heilsa og líf ófædds barns í hættu**

- Ofneysla barnshafandi einstaklings á áfengi, öðrum vímuefnum eða lyfjum
- Barnshafandi einstaklingur verður fyrir ofbeldi
- Önnur tilvik skv. 16. gr. barnaverndarlaga

## **Áhættuhegðun barns**

- Neysla barns á vímuefnum og öðrum skaðlegum efnum
- Barn sýnir sjálfskaðandi hegðun
- Barn kemur sér undan forsjá forráðamanna og/eða virðir ekki reglur um útivist
- Afbrot barns
- Barn beitir ofbeldi
- Námsástundun og/eða hegðun barns í skóla ábótavant

Mikilvægt er að flokkun tilkynninga sé skýr og samræmi í skráningu hjá starfsfólki barnaverndar sem ætti að hafa í för með sér að:

- Vanræksla og ofbeldi í uppeldi barna verður sýnilegra, fyrir barnaverndarstarfsmenn, foreldra og börn.
- Markmið með íhlutun barnaverndaryfirvalda verði skýrari og vinnubrögð barnaverndarstarfsmanna markvissari sem leiðir til betri málsmeðferðar.
- Hægt er að gera raunhæfari samanburð milli sveitarfélaga og milli landa um fjölda og tegund barnaverndarmála.
- Auðveldara er að vinna rannsóknir á sviði barnaverndar sem geta gefið vísbendingar um hvaða úrræða væri þörf hjá barnaverndaryfirvöldum

### **Heimildir:**

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2001). Ársskýrsla 2000. Reykjavík: Barnaverndarstofa.

Coohey, C. (2003). Defining and classifying supervisory neglect. *Child Maltreatment*, 8 (2), 145-156.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í F.H. Jónsson (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, félagsvísindadeild* (bls. 181-189). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, Háskólaútgáfan.

Glaser, D. (2002). Emotional abuse and neglect (psychological maltreatment): A conceptual framework. *Child Abuse & Neglect*, 26, 697-714. Iowa Department of Human Services. (1997). *Child protective handbook*. Des Moines: Iowa Department of Human Services.

Knutson, J.F. (1995). Psychological characteristics of maltreated children: Putative risk factors and consequences. *Annual Review of Psychology*, 46, 401-431.

Kristný Steingrimsdóttir. (2012). Skilgreiningar-og flokkunarkerfi í barnavernd: Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur. Reykjavík: Háskóli Íslands

National Institute of Child Health and Human Development. (2009). Critical issues and future directions in the development of classification and definition systems for child abuse and neglect. Bethesda, MD: National Institute of Child Health and Human Development.

Reglugerð um málsmeðferð fyrir barnaverndarnefnd nr. 57/2004.

Rogosch, F.A., Cicchetti, D., Shields, A og Toth, S.L. (1995). Parenting dysfunction in child maltreatment. Í M.H. Bornstein (ritstjóri), *Handbook of parenting: Vol. 4. Applied and practical parenting*. New Jersey: EA.

Skilgreining WHO á kynferðislegu ofbeldi <https://www.who.int/news-room/fact-sheets/detail/violence-against-children>